

36. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 9. janúar 1996, á Hótel Selfossi.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Arnar Árnason, Páll Bjarnason og Þorvarður Hjaltason.

Formaður setti fund.

1. Skýrsla vegna skoðunarferðar til Þýskalands.

Þorvarður, Arnar og Páll gerður grein fyrir ferð sinni til Þýskalands.

Sýnt var myndband frá ferðinni og annað frá BOMAG verksmiðjunni sem sýnir sorptroðara frá fyrirtækinu.

Framkvæmdastjóra og sérfræðingum falið að leggja sem fyrst fram tillögu á stjórnarfundum ásamt greinargerð þar sem gerður verði samanburður á þeim kostum sem fyrir liggja.

2. Skýrt frá viðræðum við hreppsnefnd Ölfushrepps frá 8. janúar 1996.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu greinargerð sem þeir lögðu fram á fundinum.

Lagt var fram bréf hreppsnefndar Ölfushrepps, dags. 8. janúar s.l. þar sem ítrekuð er fyrri afstaða hreppsnefndarinnar til viðskipta við gámafyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu.

Formaður kynnti hugmyndir að tillögu í málinu.

Samþykkt að taka afstöðu til málsins á næsta fundi.

Dagskrárliðum 3-6 frestað.

Samþykkt að halda fund n.k. fimmtudag, 11. janúar kl. 10.00.

Fundi slitið kl. 13.45.

Karl Björnsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Guðmundur Hermannsson.

Þorvarður Hjaltason.